

# Skagafjarðarveitur ehf.

## Fundur 130 – 16.03.2010

Þriðjudaginn 16. mars, árið 2010, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 15.30 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

### DAGSKRÁ:

1. Hitaveitukostir Viðvíkursveit
2. Þriggja ára áætlun.
3. Önnur mál

### Afgreiðslur:

1. Bragi Þór Verkfræðistofunni Stoð ehf og fulltrúar íbúa Vésteinn Vésteinsson Bessi Vésteinsson og Þórólfur Sigurjónsson komu á fundinn undir þessum lið. Farið yfir þá kosti sem eru í stöðunni við að leggja hitaveitu frá Ytri Brekkum að Hofstaðaseli. Niðurstaðan var sú að þeir kanni áhuga íbúa á svæðinu og hafi samband við Skagafjarðarveitur um framhaldið.
2. Lögð fram 3ja ára áætlun Skagafjarðarveitna fyrir árin 2011 – 2013, einnig lagður fram listi yfir þær framkvæmdir sem gert er ráð fyrir að fara í á tímabilinu. Stjórnin samþykkir framlagða áætlun.
3. Önnur mál. Engin

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.45

Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)  
Páll Dagbjartsson (sign)  
Pétur Valdimarsson (sign)  
Páll Pálsson (sign)